

Innviðasjóður

17 551

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Innviðasjóður

kt. 440490-2639

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Markmiðið með sjóðnum er að efla innlendar vísindarannsóknir með því að skapa nýja möguleika til rannsókna með fjármögnun tækjabúnaðar/aðstöðu sem ekki er aðgengileg nú þegar (lög nr. 3/2003). Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 522,1 milljónir og afkoma kr. -21,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -15,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.197,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Innviðasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Innviðasjóðs fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ágúst Hjörtur Ingbórsson
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	372.100.000	351.000.000
Aðrar tekjur	3	150.000.000	150.000.000
Tekjur samtals		<u>522.100.000</u>	<u>501.000.000</u>
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	4	539.997.680	510.571.633
Annar rekstrarkostnaður	5	3.111.176	8.948.243
Gjöld samtals		<u>543.108.856</u>	<u>519.519.876</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(21.008.856)	(18.519.876)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.405)	0
		<u>(1.405)</u>	<u>0</u>
Afkoma ársins		<u><u>(21.010.261)</u></u>	<u><u>(18.519.876)</u></u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(3.112.581)	(8.948.243)
Fjármagnstílfærslur		(17.897.680)	(9.571.633)
		<u>(21.010.261)</u>	<u>(18.519.876)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	1.197.756.181	1.133.457.529
Handbært fé		0	78.624
Veltufjármunir samtals		<u>1.197.756.181</u>	<u>1.133.536.153</u>
Eignir samtals		<u>1.197.756.181</u>	<u>1.133.536.153</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		(15.368.513)	5.641.748
Bundið eigið fé		392.595.240	392.595.240
Eigið fé samtals		<u>377.226.727</u>	<u>398.236.988</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	769.481.323	707.532.581
Ýmsar skammtímaskuldir	8	6.048.131	3.766.584
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	45.000.000	24.000.000
		<u>820.529.454</u>	<u>735.299.165</u>
Skuldir samtals		<u>820.529.454</u>	<u>735.299.165</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.197.756.181</u>	<u>1.133.536.153</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(21.010.261)	(18.519.876)
		<u>(21.010.261)</u>	<u>(18.519.876)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		18.650.090	16.625.831
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.281.547	1.555.444
		<u>20.931.637</u>	<u>18.181.275</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>(78.624)</u>	<u>(338.601)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(78.624)	(338.601)
		<u>78.624</u>	<u>417.225</u>
	Handbært fé í árslok	<u><u>0</u></u>	<u><u>78.624</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	372.100.000	351.000.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	(150.000.000)	0	522.100.000	372.100.000
Fjárveiting til tekna	(150.000.000)	0	522.100.000	372.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	146.887.419	0	(539.997.680)	(393.110.261)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(3.112.581)	0	(17.897.680)	(21.010.261)

3 Aðrar tekjur

Eignatekjur	150.000.000	150.000.000
	<u>150.000.000</u>	<u>150.000.000</u>

4 Framlög og tilfærslur

Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	525.836.949	0
Fjármagnstilfærslur aðrir	14.160.731	510.571.633
	<u>539.997.680</u>	<u>510.571.633</u>

5 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðiþjónusta	3.008.206	8.948.243
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	102.970	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	3.111.176	8.948.243
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>3.111.176</u>	<u>8.948.243</u>

31.12.2022 31.12.2021

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.197.756.181	1.133.400.529
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	57.000
	<u>1.197.756.181</u>	<u>1.133.457.529</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	769.481.323	707.532.581
	<u>769.481.323</u>	<u>707.532.581</u>

Skýringar

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	398.236.988	416.756.864
Afkoma ársins	(21.010.261)	(18.519.876)
Jöfnuður 31.12.	<u>377.226.727</u>	<u>398.236.988</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 392,6 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

8 Ýmsar skammtímaskuldir

Önnur ógreidd gjöld	6.048.131	3.766.584
	<u>6.048.131</u>	<u>3.766.584</u>

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	45.000.000	24.000.000
	<u>45.000.000</u>	<u>24.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	0	24.000.000	24.000.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	21.000.000	21.000.000
	<u>0</u>	<u>45.000.000</u>	<u>45.000.000</u>

Skýringar

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Samkvæmt lögum nr. 3/2003 er það hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) að annast umsýslu Innviðasjóðs. Innviðasjóður er því ekki með skuldbindandi samninga um húsnæði eða aðra þjónustusamninga um húsnæði eða aðra þjónustusamninga. Sjóðurinn greiðir kostnað við mat á umsóknum og við störf stjórnar sbr. gr. 6b, 5. mgr. laga nr. 3/2003.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Sjóðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Sjóðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.